

## Nefndarsvið Alþingis.

Undirritaður sendir svohljóðandi umsögn:

Nýlokið er heildarendurskoðun á lögum um þungunarrof, nr. [43/2019](#). Við þá lagagerð er ég ósáttur. Rökin hjá fylgjendum eru þau að tryggja að sjálfsforræði kvenna sem óska eftir að fóstri sé eytt sé virt með því að veita þeim öruggan aðgang að heilbrigðisþjónustu til þess í allt að 22 vikur. Ég tel að með þessu aukna sjálfsforræði kvenna hafi verið gengið á lífsrétt ófæddra barna (einstaklinga). Ég ber þá von í brjósti að lífsréttur ófæddra barna, sem nú er fórnað vegna of ríks sjálfforræðis kvenna, muni aukast aftur hér á landi í náninni framtíð og alþingismenn og fylgjendur þeirra í þessu máli sjái að þeir breyttu ekki siðferðilega rétt.

Þegar tillagan kom fram, sem hér er til umsagnar, þ.e. tillaga til þingsályktunar um aðgengi kvenna sem ferðast til Íslands að þungunarrofi, brá mér óneitanlega. Mér finnst tillagan fráleit. Það á ekki að nægja að Íslendingar gangi þjóða lengst í fóstureyðingum heldur eigi nú að stuðla að því að íslensk heilbrigðisþjónusta auki enn á þá háu dánartölu sem um ræðir í þessu samhengi. Ég vona að þessi vonda tillaga verði felld og augu þingmanna og almennings opnast fyrir þýðingu mannhelgis ófæddra barna.

Virðingarfyllst,

Þórsteinn Ragnarsson,